

Yfirlitssaga sem á fullt erindi við lesendur

Rit: **Kommúnisminn. Sögulegt ágríp**

Höfundur: **Richard Pipes**

Þýðendur: **Jakob F. Ásgeirsson og Margrét Gunnarsdóttir**

Gagnrýnandi: **Kjartan Emil Sigurðsson, stjórn málafræðingur**

Útgefandi: **Bókafélagið Uglya, 2005 (og kilja 2014).**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Kommúnisminn sem bókin heitir er þörf ádrepa og áhugaverð aflestrar. Hún gefur gott yfirlit um stormasama sögu kommúnismans”

Inngangur

Lorem Richard Pipes er fræðimaður sem hefur látið mikið fyrir sér fara í ritun á sögu Rússlands og Ráðsstjórnarríkjanna. Hann hefur líka skrifað stórmerkilega sjálfsævisögu sem ber latneska heitið Vixi sem þýðir “ég vitna um”. Pipes þessi flúði var pólskur gyðingur sem flúði Gestapo við upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar. Hann hefur sagt frá því hvernig fjölskyldu hans var naumlega sleppt í gegnum nálarauga nasismans og sem leið lá til Bandaríkja Norður Ameríku. Hann mun hafa starfað í bandaríska hernum sem þýðandi úr rússnesku við lok þess ófriðar. En að því loknum hélt hann til Harvard háskóla þar sem hann dvaldi alla tíð við rannsóknir og kennslu, nema þau eitt eða tvö ár sem hann var í Washington sem ráðgjafi þáverandi Bandaríkjaforseta, Ronald Reagan á fyrra kjörtímabili hins síðarnefnda.

Þá þegar Mikael Grobastjov ríkti í Moskvu voru tveir ólíkir skólar fræðimanna um hvort Ráðsstjórnarríkin mundu líða undir lok. George H.W. Bush 41. Bandaríkjaforseti bauð Pipes þessum og öðrum fræðimanna um rússneska sögu og stjórn mála til Camp David til að ráðslaga um viðbrögð. Skemmst er frá að segja að Pipes hafði efasemdir um það að nokkuð mundi breytast þrátt fyrir tilkomu Gorbastjov. Stjórn málafræðingur sem líklega var Michael McFaul, áleit að brátt mundu Ráðsstjórnarríkin líða undir lok og kalda stríðinu lúka. Pipes sem sagt skjátlaðist þó stundum sé haft á orði að einungis sagnfræðingar megi spá um framtíðina, þar sem þeir þekki vel til fortíðarinnar. Kalda stríðinu lauk þrátt fyrir efasemdir Pipes í þá veru samanber ofangreint.

Bók Pipes rekur hugmyndina um staðleysu, útópíu, aftur í mannkynssöguna og hvernig hún fékk endurreisn í vísindalegri sameignarstefnu/sósíalisma kenndri við Karl



Marx og Friðrik Engels. Þó er ljóst að Marx hafnaði staðleysum og hæddi að fylgismönnum útópískra hugmynda. Söguleg þróun mundi óhjákvæmilega leiða til hruns frjáls markaðsbúskapar og yfirbyggingin hverfa. Það sem tæki við samkvæmt Marx og Engels yrði samfélag án ríkisvalda þar sem verkamenn réðu sér sjálfir. Þetta er í stuttu máli kjarni kommúnisma og sósíalisma. Eduard Bernstein hafnaði þessu og taldi lýðræðisjafnaðarstefnu mundu ná sömu markmiðum eftir leiðum þingræðis.

Þá þegar frjáls markaðsbúskapur fór ekki í hundana samkvæmt forspánni, þurfti byltingarleiðtoginn Lenín að finna upp á ívaði lenínismans. Heimsvaldastefna og nýlendukúgun urðu hinir nýju óvinir. Valdbylting varð í landbúnaðarsamfélagi Rússlands, en ekki í iðnaðarhéruðum Englands og Þýskalands. Ofbeldi varð kjarni kommúnismans. Jafnframt telur Pipes að ógnaröld stalinismans sé beint framhald af glæpum alræðisstefnu nasisma Hitlers og Þriðja ríkisins.

Kommúnisminn sem bókin heitir er þörf ádrepa og áhugaverð aflestrar. Hún gefur gott yfirlit um stormasama sögu kommúnismans. Hún rekur atburðasöguna og hugmyndasöguna jöfnum höndum. Nú í haust kemur bókin út í kilju og ætti það að gera hana aðgengilegri fyrir stúdenta jafnt sem áhugamenn um sögu og stjórnmál. Pipes er einn fremsti fræðimaður heims á því sérsviði sem bókin fjallar um.